



# Skoðun Sjávarklasans

10. September 2012

## Yfir 40% aukning í aðsókn í skóla sem tengjast sjávarútvegi

*Nú eru teikn á lofti um að vaxandi áhugi sé á meðal ungs fólks fyrir námi í sjávarútvegi og tengdum greinum. Í þeim skólum sem Íslenski sjávarklasinn fékk upplýsingar um jókst aðsókn í haftengdar greinar um 46% á milli árána 2011-2012 sem er mun meira en um margra ára skeið. Þessu þarf að fylgja eftir með því að styrkja enn frekar undirstöður náms á þessu sviði og efla samstarf atvinnulífs og skóla.*

Á Íslandi eru ýmsir skólar sem bjóða upp á nám sem tengist sjávarútvegi og skyldum greinum á borð við sjávarútvegsfræði, skipstjórn, vélstjórn, matvælafræði, fiskvinnslu og fiskeldi. Ef litið er til allra haftengdra greina, sem teljast hluti af íslenska sjávarklasnum má gera ráð fyrir að 1200-1500 manns leggi stund á nám tengt hafinu ef skoðuð eru gögn frá Hagstofu. Aðsókn í háskólanám hefur almennt aukist mikið frá því eftir hrun og aðsókn í haftengt nám að einhverju leiti samhliða því. Miðað við þann uppgang sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi á þessu tímabili hefur aukningin ekki staðist til fulls væntingar. Á þessu ári verður þó nokkur breyting þar á og verulega aukningu má sjá í aðsóknartölum í þær greinar sem í boði eru.


Á vegum Íslenska sjávarklasans er starfandi menntahópur sem samanstendur af fulltrúum nær allra þeirra skóla sem sinna námi á þessu sviði héraendis. Menntahópurinn hlaut styrk að fjárhæð 5 milljónir króna frá Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka árið 2011 en markmiðið með styrknum var að fjölga nemendum í þessum greinum. Menntahópur klasans lagði strax áherslu á að efla umræðu í fjölmiðlum um tækifæri í greininni og auka þannig áhuga ungs fólks á henni. Þá hefur menntahópurinn rætt aukið samstarf á milli skóla og atvinnulífs og unnið er að undirbúningi átaks til að efla tengsl nemenda og fyrirtækja í greininni sem kynnt verður í haust.

Samkvæmt upplýsingum sem Íslenski sjávarklasinn hefur aflað er mikil aðsókn í nám við Skipstjórnarskólann í haust, en nýnemum þar fjölgaði úr 19 í 35 milli ára. Samkvæmt athugun Sjávarklasans virðist þetta tilfelli síður en svo vera einangrað. Fjöldi nýskráðra nemenda í Sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri eru 33 í ár, en í fyrra voru þeir 25 og 10 árið þar áður. Þá má nefna að mikil aðsókn er í nýtt námskeið sem heitir Sjávar-, vatna- og fiskivistfræði við Háskóla Íslands en 22 nemendur eru skráðir í námið. Þá er fjölgun í meistara- og doktorsnemunum á því sviði í HÍ. Á myndinni hér að neðan gefur að líta fjölda nýskráðra nemenda við nokkrar haftengdar námsbrautir árin 2010-2012, en þeim fer greinilega fjölgandi. Aukningin milli ára í þeim námsgreinum, sem hér eru nefndar, er yfir 40%.

Dæmi um aukningu á framhaldsskólastiginu má einnig sjá um landið. Þannig er umtalsverð aukning í aðsókn í málmiðn og vélstjórn hjá Menntaskólanum á Ísafirði og miklu meira en verið hefur. Á Ísafirði hefur verið gott samstarf á milli atvinnulífs og skóla um uppbyggingu náms. Sem dæmi um samstarf skóla og atvinnulífs má nefna að 3X stál hafa átt í nánú samstarfi við málmiðn Menntaskólans á Ísafirði og boðið nemendum aðstöðu til verklegs náms.

Framboðið á haftengdu námi virðist einnig vera að aukast. Á meðal nýrra námsbrauta má nefna nám í bátasmíði hjá Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra, nám í fisktækni hjá Menntaskólanum á Tröllaskaga í samstarfi við Háskólann á Akureyri og nýtt meistaranám í matvælafræðum sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum en nýnemar eru þar nú 15 talsins. Einnig hefur verið komið á fót norrænu meistaranámi um virðisikeðju sjávar- og eldisafurða (AQFood), við Háskóla Íslands, DTU í Danmörku, NTNU í Noregi, SLU í Svíþjóð og UMB í Noregi. Kennsla hófst í september 2012 með fjarnámi og er tengd námsbrautum á sviði iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og umhverfis og auðlindafræði við HÍ.

Ljóst er að þessari aukningu þarf að fylgja eftir á ýmsan hátt. Skortur er á kennurum í ýmsum greinum eins og málmiðnum. Leita þarf leiða til að auka áhuga á kennaramenntun á þessu sviði. Enn erum við Íslendingar eftirbátar Norðmanna í fjölda þeirra sem stunda doktorsnám í tengslum við hafið. Efla þarf styrki til doktorsrannsókna og áhuga fólks á því námi. Þá þarf að efla nám í fiskvinnslu og styrkja stöðu skóla á borð við Fisktækniskólann sem búið hefur við óvissu um nokkurt skeið. Loks þarf atvinnulífið að koma af krafti í samstarf við skólanna til að tryggja nemendum á þessu sviði áhugaverð verkefni samhliða námi. Ef atvinnulíf og stjórnvöld vinna saman að eflingu menntunar á þessu sviði, hlúa að nýjum skólum og nemendum þá standa vonir til þess að sú aukning sem nú er í aðsókn að skólum sem tengjast sjávarklasnum verði ekki tímabundin.



*Aðsókn í námsbrautir sem tengjast sjávarútvegi 2010-2012*

Nánari upplýsingar veitir Hreiðar Þór Valtýsson hjá Háskólanum á Akureyri í síma 8624493.

*Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttuð starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.*